

Nd.

458. Breytingartillögur

[43. mál]

við frv. til laga um brunavarnir og brunamál.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 2. gr.

a. 2. mgr. orðist svo:

Ráðherra skipar 3ja manna stjórn brunamálastofnunar til fjögurra ára í senn. Hann skipar einn mann eftir tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, einn mann eftir tilnefningu Landssambands slökkviliðsmanna og einn mann eftir tilnefningu Sambands ísl. tryggingafélaga. Ráðherra skipar formann stjórnar úr hópi tilnefndra stjórnarmanna og ákveður þóknun til þeirra fyrir stjórnarstörf. Stjórnin skal hafa eftirlit með rekstri og starfsemi brunamálastofnunarinnar.

b. 3. mgr. orðist svo:

Að fengnum tillögum stjórnar brunamálastofnunarinnar skipar ráðherra brunamálastjóra. Skal hann hafa sérþekkingu á brunamálum.

c. 4. og 5. mgr. verði ein mgr. og orðist svo:

Brunamálastjóri veitir brunamálastofnuninni forstöðu. Hann ræður starfsmenn brunamálastofnunarinnar og taka þeir laun samkv. kjarasamningi opinberra starfsmanna.

2. Við 3. gr.

a. b-liður orðist svo:

Að hafa á hendi tækniástoð við brunavarnaeftirlit sveitarfélaga og í öllum meiri háttar atvinnufyrirtækjum, verksmiðjum, birgðastöðvum fyrir olíu og bensín, verkstæðum, skólum, samkomuhúsum, sjúkrahúsum, hótelum o. s. frv. í samráði við viðkomandi slökkviliðsstjóra.

b. c-liður breytist svo: Í stað orðanna „töldum í b-lið“ komi: sem kveðið er á um í reglugerð.

c. f-liður orðist svo:

Að halda uppi rannsóknarstarfsemi á sviði brunamála og leiðbeina um val, uppsetningu og notkun á slökkvibúnaði og aðvörunarkerfum.

d. h-liður orðist svo:

Að semja árlega skýrslu um orsakir og afleiðingar eldsvoða. Skulu slíkar skýrslur sendar tryggingafélagunum og aðalniðurstöður þeirra skal birta opinberlega.

3. Við 4. gr.

a. 1. mgr. orðist svo:

Sveitarfélög skulu halda uppi brunavörnum, þar með talið eldvarnareftirlit, í samræmi við kröfur, sem nánar skal kveða á um í reglugerð um brunavarnir og brunamál. Kostnaður greiðist úr sveitarsjóði.

b. 4. mgr. orðist svo:

Félagsmálaráðherra getur, að fenginni umsögn stjórnar brunamálastofnunar, undanþegið sveitarfélag skyldu til að halda uppi sérstökum brunavörnum, berist rökstudd beiðni um slíkt frá sveitarstjórn.

4. Við 11. gr. Á eftir orðinu „umsögn“ í lok greinarinnar komi: stjórnar.

5. Við 18. gr. Í stað orðsins „brunamálastofnuninni“ í lok greinarinnar komi: brunamálastjóra.

6. Við 19. gr. Á eftir orðinu „tillögum“ í 2. mgr. komi: stjórnar.

7. Við 23. gr. Greinin orðist svo:

Lögreglustjóri skal sjá um að lögreglurannsókn fari fram þegar eftir brunatjón. Ef kveðja þarf til sérfróða menn vegna rannsóknar á eldsvoða, skal stjórn brunamálastofnunarinnar tilnefna þá samkvæmt tillögu brunamálastjóra. Réttarrannsókn þarf hins vegar ekki að fara fram, ef brunatjón er óverulegt og eldsupptök kunn. Afrit af gögnum um hverja slíka rannsókn ber að senda viðkomandi tryggingafélagi og brunamálastofnun þegar þau liggja fyrir.

8. Við 24. gr.

a. a-liður orðist svo:

Öll tryggingafélög og aðrir, er tryggingar annast, skulu greiða brunamálastofnuninni 1.75% af brúttóiðgjaldatekjum vegna brunatrygginga (frumtrygginga) á fasteignum og lausafé. Sama gildir um tryggingu, sem innifelur bæði brunatryggingu og annars konar tryggingu. Viðlagatrygging Íslands skal þó ekki teljast gjaldskyld trygging í þessu efni.

Framlög þessi skulu greidd ársfjórðungslega og miðast við iðgjaldatekjur ársins á undan. Endanlegt uppgjör við hvert félag fer fram, þegar ársreikningar liggja fyrir.

b. b-liður orðist svo:

Stjórn brunamálastofnunar er heimilt að semja gjaldskrá og fá hana staðfesta af ráðuneytinu. Í slíkri gjaldskrá skal kveðið á um skoðunargjöld og önnur gjöld, er brunamálastofnunin tekur fyrir veitta þjónustu.

9. Við 25. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo: Slökkviliðsstjóri hefur eftirlit o. s. frv.

10. Við 26. gr. Á eftir orðinu „til“ í 4. línu 1. mgr. bætist: stjórnar.

11. Við 27. gr. Greinin orðist svo:

Nú telur brunamálastjóri að brotin séu ákvæði laga þessara eða reglugerðar og slökkviliðsstjóri geri ekki fullnægjandi ráðstafanir til úrbóta skv. 26. gr., og skal brunamálastjóri þá, að höfðu samráði við stjórn brunamálastofnunar, benda slökkviliðsstjóra á misbrestina, og hefur brunamálastjóri síðan rétt til að beita þeim heimildum, sem slökkviliðsstjóra eru veittar í þeirri grein, ef ekki er úr bætt.

Ef brunamálastjóri telur að sveitarstjórn gegni ekki skyldu sinni skv. lögum þessum, þá er honum heimilt að láta bæta úr á kostnað sveitarsjóðs, að höfðu samráði við stjórn brunamálastofnunar.

12. Við 28. gr. Greinin orðist svo:

Ráðherra setur, að fenginni tillögu stjórnar brunamálastofnunar, reglugerðir þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd laga þessara.